

Reglur um sérkennsluþjónustu í Heilsuleikskólanum Kærabæ á Kirkjubæjarklaustri.

Markmið með reglum um sérkennsluþjónustu í leikskólum Kærabæ er að börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða með aðrar sérþarfir fái viðeigandi aðstoð og þjálfun. Leikskólastjóri er umsjónamaður sérkennslu og skal ábyrgjast að gerðar séu einstaklingsáætlanir sem stuðla að því að auka færni barna með þroskaraskanir. Leikskólastjóri skal í samráði við foreldra, deildarstjóra, ráðgjafar- og sérfræðiþjónustu, gera einstaklingsnámskrá sem miðar að þjálfun barnsins.

Í lögum um leikskóla, 22. grein segir: “Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og sérfræðiþjónustu skv. 21. gr. í samráði við foreldra.”

Hér er bæði átt við börn sem eiga við langvarandi erfiðleika að etja og þau sem ætla má að geti með rétttri aðstoð unnið bug á erfiðleikum sínum.

Viðurkenndir greiningaraðilar eru:

- Sérfræðingar frá félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og vestur Skaftafellsýslu þmt. talmeinafræðingar og sálfræðingar.
- Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.
- Heyrnar- og talmeinaastöð ríkisins.
- Miðstöð heilsuverndar barna.
- Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala
- Sjónstöð Íslands

Þegar börn hafa verið greind með þroskaraskanir og/eða aðrar sérþarfir skal komið til móts við viðkomandi barn með einum eða öðrum hætti. Börnum skal úthlutað sérkennslutímum, allt eftir eðli frávika. Mörg börn þarfnast miklar aðstoðar í byrjun sem síðar er dregið úr eftir því sem færni barnsins eykst. Þegar um mikla fötlun er að ræða þarfnast barnið stöðugs stuðnings og ummönnunar í leikskólanum.

Leikskólastjóri og umsjónamaður sérkennslu bera ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar ásamt deildarstjóra. Sérkennsla og allt sem henni tengist skal ávallt unnin í nánú samstarfi við foreldra barnsins.

Sveitarfélagið skal kappkosta að ávallt sé vel menntað starfsfólk í leikskólafræðum sem gegni störfum í leikskólanum Kærabæ. Óski foreldrar eftir því að barn sitt fái *ekki* aðstoð, sérkennslu eða greiningu, þrátt fyrir að

fagfólk í leikskólanum eða utanaðkomandi sérfræðingar meti að þess gerist þörf, skal leikskólastjóri fá undirskrift foreldra þar sem segir að þeir óski eftir því að *ekki* verði unnið frekar í málinu.

Flokkun á sérkennslu:

Börn sem farið hafa í gegnum greiningu hjá einhverjum þeim greiningaraðilum sem upp voru taldir hér á undan og greinast með þroskaraskanir og/eða önnur frávík eiga rétt á ákveðnum fjölda sérkennslustunda í samræmi við niðurstöður. Eftirfarandi flokkun er lögð til grundvallar við úthlutun sérkennslustunda í leikskólanum Kærabæ, miðað við heilsdagsdvöl:

Flokkur 1

Börn sem þurfa á verulegri aðstoð að halda í daglegu lífi t.d. vegna:

- Fjölfötlunar.
- Alvarlegar þroskaröskunar.
- Verulegar hreyfihömlunar (hjólástóll/hækjur) .
- Verulegrar tengslaskerðingar (einhverfu, blindu, heyrnarleysis).
- Alvarlegar málhömlunar.

Tímafjöldi 4-8 stundir

Flokkur 2

Börn sem þurfa reglulega á aðstoð að halda t.a.m. vegna;

- Miðlungs þroskaröskunar.
- Hreyfihömlunar.
- Verulegrar sjón-eða heyrnarskerðingar.
- Vægrar tengslaskerðingar.
- Greindarskerðingar.
- Alvarlega langtímaveik börn sem þurfa verulega ummönnun.
- Ýmis heilkenni s.s. Down Syndrom, Asperger.

Tímafjöldi 2-4 stundir

Flokkur 3

Börn sem þurfa töluverða aðstoð eða örvun vegna vægrar þroskaröskunar t.a.m. vegna;

- Sjónskerðingar.
- Heyrnarskerðingar.
- Hreyfihömlunar.
- Langveik börn sem þurfa sértæka aðgæslu t.d. dreyrasjúk, flogaveik.
- Börn með tilfinningalega og félagslega erfiðleika eða málhömlun.
- Alvarlegan athyglisbrest, einbeitingarskort, hvatvísi eða ofvirkni.

Tímafjöldi 1-4 stundir

Flokkur 4

Börn sem þurfa tímabundið á verulegri aðstoð að halda t.a.m. vegna:

- Félags- og tilfinningalegra erfiðleika.
- Fjölskylduvandamála.
- Tvítýngis.

Tímafjöldi 1-3 stundir

Flokkur 5

Tímabundin aðstoð fyrir leikskóla eða deild í leikskóla vegna fárra faglærðra starfsmanna, mjög erfiðrar samsetningar barnahóps á deild eða fjölda barna sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda s.s. vegna erfiðleika varðandi tal/mál, málörvunarhópa, ýmissar hópþjálfunar s.s. hreyfinga eða hegðunar.

Tímafjöldi 1-4 stundir

Úthlutun sérkennslustunda skv. flokki 5 eru gerðar í samvinnu leikskólastjóra, umsjónamanni sérkennslu í leikskólanum og sveitarstjóra.

Úthlutun sérkennslustunda:

Leikskólastjóri og umsjónamaður sérkennslu úthluta sérkennslutímum á grundvelli greiningar á þroskafrávikum barnsins.

Leikskólastjóri og umsjónamaður sérkennslu í samráði við sveitarstjóra úthluta stundum í sérkennslu, fyrir hvert skólaár í samræmi við starfsreglur.

Að vori skulu þessir aðilar áætla þöfina á sérkennslustundum fyrir næsta skólaár.

Heimilt er að meta barngildi barns sem þarf sérkennslu, allt að helmingi hærra en aldur þess segir til um, í stað þess að ráða starfsmann til sérkennslu. Í sérstökum tilvikum, þegar barn þarf stöðuga aðgæslu meirihluta dvalartíma síns, geta leikskólastjóri og umsjónamaður sérkennslu í samráði við sveitarstjóra úthlutað barni fleiri sérkennslustundum en flokkunarröð segir til um.

Samstarfsaðilar:

Eftirtaldir samstarfsaðilar vinna með leikskólanum vegna sérkennslu, ráðgjafar og/eða þjálfunar barns, eftir því sem við á:

- Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Suðurlandi.
- Skólaskrifstofa Suðurlands.
- Heilsugæsla sveitarfélagsins.
- Þroskaþjálfari.
- Leikskólakennarar og leikskólasérkennarar.
- Talmeinafræðingar.
- Sjúkraþjálfarar.
- Iðjuþjálfarar.
- Læknar.
- Hjúkrunarfræðingar.
- Aðrir aðilar.

Upplýsingar um meðferð gagna:

Öll gögn sem varða mál vegna sérkennslu skulu meðhöndluð sem trúnaðarmál og ber að varðveita í læstum hirslum.

Þegar viðkomandi barn flytur milli skólastiga eða milli sveitarfélaga skal fá skriflegt leyfi foreldra fyrir yfirfærslu upplýsinganna. Það sama á við um aðra samstarfsaðila.

Reglur þessar eru unnar með hliðsjón af lögum um leikskóla Nr. 90/2008, lögum um málefni fatlaðra Nr. 59/1992, lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga Nr. 77/2000 og starfslýsingum FL og LN frá 2000

Endurskoða skal reglur þessar á fjögurra ára fresti.

Kirkjubæjarklaustur 08.03.2018

Undirskrift leikskólastjóra

Undirskrift sveitastjóri

Úthlutun sérkennslustunda

Undirritaðir skulu hér skilgreina fjölda sérkennslustunda og hvernig þeim skuli best varið í þágu barnsins.

Fara skal yfir þessa tilhögun með foreldrum og blaðið afhent þeim sem fylgiskjal með einstaklingsnámskrá barnsins. Í henni koma fram nöfn þeirra aðila sem hugsanlega tengjast vinnunni með barnið

Leikskóli _____

Fjöldi sérkennslustunda _____ veitist frá _____

Vegna/nafn barns _____ kt. _____

Nafn foreldra _____

Unnið verður samkvæmt einstaklingsnámskrá og verður sérkennslustundum varið í þágu barnsins á eftirfarandi hátt:

Undirskrift foreldra _____

_____ Dags.

Undirskrift foreldra _____

_____ Undirskrift leikskólastjóra